

Skólaráð – fundargerð 26.01'18

Skólahúsnæði og skólalóð

Farið var yfir helstu punkta varðandi húsnæði og skólalóð. Eftirfarandi atriði voru kynnt og rædd.

Frá Reykjarvíkurborg:

1. Kom inn aðili til þess að taka út tölvuaðstöðu í skólanum. Viðkomandi aðili skilar síðan inn greinargerð sem verður tekin til athugunar á sama tíma og greinargerðir frá öðrum skólum.
2. Einnig aðili sem kom inn til þess að taka út vinnuaðstöðu kennara. Í ár höfum við skipt út stólum fyrir kennara. Bíðum eftir frekari niðurstöðum frá þessum úttektum.
3. Heilbrigðiseftirlitið komið inn til að taka út og votta fyrir skólann í heild og þar með talið mötuneyti. Mötuneyti stóðst skoðunina án athugasemda og skólinn fékk óverulegar athugasemdir sem búið er að færa í réttan farveg.
4. Skólalóðin var tekin út í sumar án athugasemda.
5. Brunavarnarúttekt kom út án athugasemda.

Viðhaldsóskir

1. Fyrir 2017 sneru þrjár efstu viðhaldsóskirnar um lagfæringu á:
 - a. leka í í stiga að húsi 4; með gluggum í húsi 1 neðri hæð; í stjórnunarálmum og tengibyggingu (heilbrigðismál). *Búið að laga*
 - b. Hljóðvist ábótavant í matsal (mæling á vegum foreldra gerð 10.11.2016). Komið í farveg.
 - c. Fara yfir og lagfæra loftræstingu í matsal sem engan veginn er fullnægjandi.
2. Aðrar óskir sneru að:
 - a. Setja varnir á rennur þannig að nemendur komist ekki upp á þak; á við um utan skólatíma. *Hér er aðeins ein renna sem ekki hefur verið sett vörn á.*
 - b. Lagfæra dren á tartan dúk á leiksvæði austan við skólann.
 - c. Dúkaleggja þau svæði sem hafa verið dúkalögð í skólanum. *Verki lokið eða er að ljúka; sjá punkt 1 og 2 um verkefnum sem lokið er.*
 - d. Laga veggklæðningu utan á húsinu m.a. gúmmíkantar á samskeytum orðnir ónýtir. *Búið að hluta.*
 - e. Setja hitastýringu á blæðingu í snjóbræðslu.
 - f. Laga jarðveg að leikjakastala austan við skólann.
 - g. Laga merkingar á bílastæðum.

Verkefni sem eru í vinnslu eða hafa verið lokið við

1. Búið er að laga leka í stiga í húsi 4 (sjá punkt 1 um viðhaldsóskir hér að neðan). **(Viðhaldsósk a)**
2. Hljóðvist í matsal komin á pappír og í hendur hverfisstjórans. Hann hefur sagt að hann muni reyna að byrja að vinna verkefnið fyrir eða um vetrarfrí. **(Viðhaldsósk b)**
3. Búið að dúkaleggja og setja inn nýja innréttingu í Regnbogalandi. **(Viðhaldsósk c)**
4. Búið að dúkaleggja skrifstofur, bókasafn, fundaraðstöðu og aðstöðu hjúkrunarkonu. Verið að dúkaleggja vinnuaðstöðu kennara. **(Viðhaldsósk C)**
5. Loftræsting í matsal einnig á dagskrá. Umsjónarmaður fasteigna hefur verið í sambandi við hverfisstjóra sem ætlar að ýta á eftir að við fáum inn pípulagningarmann (rafvirkja) til þess að koma loftræstingu í gang. Allt til alls í matsalnum en hefur gengið brösulega að fá mann inn til þess að tengja.

6. Búið er að laga merkingar á bílastæðum. **(Viðhaldsósókn)**

Skemmdarverk

1. Rúðubrot
2. Skemmd/-ar tunna/-ur eftir áramót
3. Innbrot í skólann þar sem hurðir, gluggar voru meðal annars eyðilagðir. Verðmætum stolið en að mestu búið að finna aftur.
4. Innbrot í Fjörgyn þar sem peningum var stolið.

Óskir um endurbætur, búnaðarkaup og/eða nýframkvæmdir

1. Heimilisfræðistofa er orðin lúin og þarfnast endurgerðar. *Tæki ný en laga þarf húsgögn.*
2. Endurnýja þarf öryggismyndavélakerfi og fjölga myndavélum.
3. Skipta upp skrifstofurými til þess að koma að námsráðgjafa og nýta núverandi skrifstofu undir kennslu, t.d. minni hópa.
4. Endurnýja skólastofur og bæta við fyrir næsta ár. (Reykjavíkurborg og áherslur á skólaumhverfi)
5. Endurnýja og vinna með aðstöðu kennara. (Reykjavíkurborg og áherslur á skólaumhverfi)
6. Tækjakostur í skólanum, á bæði við um kennara og nemendur

Önnur mál

1. Farið yfir „Vinaliðaverkefni“ sem verið er að skipuleggja og stefnt er á að það byrji fyrir vorið. Frístundarfulltrúi heldur utan um skipulagningu. Hann er að skoða hugmyndir að leikjum, leikföngum, kynningartexta og samstarf við umsjónarkennara 7. bekkjar sem dæmi.
2. Rætt um kynningu í Fjörgyn sem ber heitið Fuck Me/Fuck you. Sama kynning verður fyrir foreldra skólans á vegum foreldrafélagsins. Kynningin fjallar um samskipti kynjanna og dregin fram sú mynd sem birtist okkur t.d. í fjölmiðlum þar sem kynjunum er stillt upp á ólíkan hátt. Í framhaldinu var rætt um kynfræðsluverkefni sem skólinn mun taka þátt í næstu 3 árin. Um er að ræða þróunarverkefni fyrir næstu 3 árin en stefnt er að því að hefja kynfræðslu frá 1. bekk. Fyrsta árið verður áherslan á unglingsdeild og þaðan mun fræðslan færð niður aldurstigann.